

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 298/1990. **Sigurður Þórðarson**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Nesi hf.

(Valgarð Briem hrl.).

Vinnusamningur. Sjómenn. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1990. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 251.040 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann staðfestingar á sjóveði í skipi stefnda, m/s Svani, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og greiðslu málskostnaðar, en til vara lækkunar á stefnukröfum og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Í máli þessu krefst áfrýjandi launa í veikindum frá 23. september 1988 til 1. nóvember sama ár samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sjómanna-laga nr. 35/1985. Fram er komið, að hann kom til Reykjavíkur úr ferð til Póllands 22. september 1988, og átti ráðningu hans þá að ljúka. Óumdeilt er, að hann kenndi sjúkdóms í ferðinni, sem læknar greindu síðar sem sár á skeifugörn. Ágreiningur er hins vegar um það, hvort hann hafi orðið óvinnufær í ferðinni, og byggir stefndi á því, að áfrýjandi stóð þá nær allar vaktir og hafnarvakt daginn eftir komuna til Reykjavíkur. Þá heldur hann því fram, að áfrýjandi hafi áfram verið vinnufær, enda þótt hann hafi þurft að vera undir læknishendi. Áfrýjandi heldur því aftur á móti fram, að hann hafi verið orðinn óvinnufær í ferðinni, en harkað af sér.

Í málinu liggja fyrir tvö vottorð heimilislæknis áfrýjanda, sem unnin voru í samráði við sérfræðing í meltingarfærasjúkdómum, sbr. 5. mgr. 36. gr. sjómannalaga. Þar er vottað, að áfrýjandi hafi, eins fljótt og kostur var, leitað sér læknishjálpar eftir komuna til

Reykjavíkur og verið ráðlagt að fara ekki á sjó, fyrr en sárið væri gróið. Þá kemur fram, að honum var ekki ráðlagt að fara að vinna fyrr en 1. nóvember 1988. Læknarnir hafa komið fyrir héraðsdóm og staðfest þetta álit. Vottorðum þessum og skýrslum læknanna hefur ekki verið hnekkt. Verður við það að miða, að ekki hafi verið ráðlegt, að áfrýjandi væri á sjó, eins og sjúkdómi hans var hátað, og hafi hann því verið orðinn óvinnufær í skilningi 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, þegar hann kom úr ferðinni. Hann á samkvæmt ákvæðinu ekki að missa neins í af launum sínum, meðan hann er óvinnufær. Útreikningi kröfu áfrýjanda er ekki mótmælt. Ber að taka hana til greina í heild sinni, og á áfrýjandi sjóveðsrétt í m/s Svani fyrir dæmdum fjárhæðum samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Nes hf., greiði áfrýjanda, Sigurði Þórðarsyni, 251.040 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags og 140.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi á sjóveðsrétt í m/s Svani fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 10. þ. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 5. júní 1989. Stefndandi er Sigurður Þórðarson, Glaðheimum 18, Reykjavík. Stefndi er Nes hf., Grundarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að stefndi verði dæmdur til að greiða sér laun í veikindaforföllum tímabilið 23. september 1988 til 1. nóvember s. á., 251.040 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags,

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun,

3. að staðfest verði sjóveð í skipi stefnda, m/s Svani (á skipaskrá nr. 1387), fyrir ofangreindum kröfum.

Dómkröfjur stefnda eru þær aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Stefndi krefst og málskostnaðar að skaðlausu, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi 4. júlí 1988 verið ráðinn stýrimaður til stefnda og hafi fyrst verið á m/s Val, en frá 6. ágúst 1988 hafi hann síðan verið á m/s Svani, þar til hann hætti störfum 23. september 1988, en þá hafi hann þegar verið orðinn veikur. Hann hafi verið að koma úr þriggja til fjögurra vikna siglingu frá Póllandi og verið haldinn óþægindum í maga á leið til Póllands, sem síðan hafi ágerst jafnt og þétt eftir því, sem liðið hafi á siglinguna. Hann hafi verið með sífellda verki fyrir bringspólum og hungurverki og verulegt mataróþol á ýmsan mat, vaxandi eftir því, sem leið á ferðina, og ógleði og uppköst öðru hverju. Hann hafi vaknað upp með verkinn og oft verið sveittur af verkjaköstunum og haft mikla vanlíðan. Hann hafi lesið sér til um borð í Lækningabók sjófarenda, að þessi einkenni gætu líkst magasári, og þess vegna tekið magamjólk, sem til var í lyfjakassa. Hafi það slegið aðeins á vanlíðanina.

Vélstjórnarnir Snorri Hauksson og Aðalsteinn Sæmundsson hafa hér fyrir dómi borið, að þeir hafi vitað til þess, að stefnandi hafi kvartað undan magaverkjum í Póllandi og átt í erfiðleikum vegna veikindanna. Hann hafi í raun verið orðinn óvinnufær, þegar hann var á leið til Íslands, og þegar við komuna til landsins hafi hann leitað til heimilislæknis síns og komist að í skoðun 26. september 1988. Læknirinn hafi sent hann strax í magaspeglun til Ólafs Gunnlaugssonar, læknis og meltingarfærasérfræðings, og hafi þá komið í ljós, að stefnandi var með sár á skeifugörn, þ. e. magasár.

Heimilislæknir hans hafi gefið út óvinnufærnisvottorð, sem taki til tíma-bilsins 23. september til 1. nóvember 1988, og jafnframt hafi læknirinn gefið út vottorð, dags. 20. janúar 1989. Þar komi fram, að sér hafi batnað á þessum tíma í meðförum læknanna. Hann hafi aftur farið í speglun til Ólafs Gunnlaugssonar 24. október, og hafi þá verið ákveðið, að hann mætti fara til vinnu 1. nóvember 1988, eins og gert hafi verið ráð fyrir.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfu sína um greiðslu launa í veikindaförföllum á 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Sannað sé með vottorði læknis,

að stefnandi hafi verið orðinn veikur og óvinnufær, á meðan hann hafi enn verið í vinnu hjá stefnda, og beri honum laun þess vegna. Stefnandi hafi lýst því hér fyrir dómi, hvernig hann hafi reynt að harka af sér og pína sig til að standa vaktir, enda hafi þeir aðeins verið tveir við störf, hann og skipstjórinn, og skipst á vöktum.

Báðir lækarnir, sem skoðað hafi stefnanda og stundað hann, hafi lýst hér fyrir dómi, að þeir hefðu eindregið ráðlagt honum að vinna ekki, meðan sárið væri að gróa, og báðir hafi tekið fram, að hann hefði ekki átt að fara í ferð sem farmaður á þessum tíma. Þetta sé að verða óvinnufær vegna veikinda, eins og 36. gr. sjómannalaga segi til um.

Í Hrd. 1975, 788, sé þáverandi 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 skýrð svo, að skipverji eigi því aðeins rétt til launa úr hendi útgerðarmanns á veikindatíma, að hann verði óvinnufær, meðan á ráðningartíma standi. Sönnun um, að stefnandi hafi verið óvinnufær 23. september 1988, sé í vottorði Margrétar Georgsdóttur læknis, sem dagsett sé 18. október 1988 og hún hafi staðfest hér fyrir dómi, enda sé ljóst af 5. mgr. 36. gr. s. 1., að lækni skeri úr um óvinnufærni. Stefndi hafi ekki hnekk þessu læknisvottorði, og verði því að leggja það til grundvallar í málinu.

II.

Stefndi kveður málavexti þá, að stefnandi hafi verið ráðinn stýrimaður til afleysinga á tvö skip stefnda, í eina ferð á m/s Val og tvær ferðir á m/s Svan. Hafi stefnandi verið afskráður af skipinu í Reykjavík 23. september 1988, og hafi þá lokið störfum hans hjá stefnda.

Hinn 3. eða 4. október 1988 hafi stefnandi haft samband við Pálma Páls-son, framkvæmdastjóra stefnda, til að spyrjast fyrir um fleiri afleysingaferðir. Ekki hafi verið minnst á nein veikindi, og hafi stefnandi ekki gefið annað í skyn en hann væri reiðubúinn að hefja störf. Þá hafi stefnanda verið tjáð, að hann þyrfti ekki að vænta skipsrúms hjá stefnda frammar, þar sem hann hefði ekki staðið sig nægilega vel um borð.

Framkvæmdastjórinn hafi flogið af landi brott að morgni 5. október og komið heim aftur 19. október. Læknisvottorð, út gefið af Margréti Georgsdóttur lækni 18. október 1988, hafi legið á skrifborði hans, en það hafi verið sett í póstkassa stefnda í anddyri Hafnarhússins. Þetta vottorð hafi verið fyrstu fréttir, sem starfsmenn stefnda hafi haft af veikindum stefnanda.

Næst hafi það gerst, að stefnandi hafi haft samband við framkvæmdastjórann 1. nóvember 1988 og spurst fyrir um uppgjör á veikindalaunum. Framkvæmdastjórinn hafi þá boðið stefnanda að koma á skrifstofuna tveimur dögum síðar og hitta sig og skipstjórann til þess að fá málin á hreint, en stefnandi hafi ekki látið sjá sig.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína því, að stefnandi hafi ekki sannað, að hann fullnægi skilyrðum 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 til þess að öðlast rétt til greiðslu veikindalauna úr hendi stefnda.

Stefndi kveður ágreining aðila snúast um það, hvort stefnandi hafi verið óvinnufær 23. september 1988, meðan á ráðningartíma stóð, eins og greint sé í vottorði Margrétar Georgsdóttur læknis, sem dagsett sé 18. október s. á. Læknirinn geti ekki vottað um það, sem hann hafi ekki sannreynt með skoðun, og öllu öðru í læknisvottorði sé mótmælt sem ósönnuðu.

Gunnar Guðnason skipstjóri hafi hér fyrir dómi borið, að sér hafi ekkert verið kunnugt um hina miklu verki og vanlíðan, sem stefnandi lýsi fyrir lækninum og fram komi í vottorði Margrétar Georgsdóttur læknis, dags. 20. janúar 1989. Hann hafi og borið, að stefnandi hafi aldrei í ferðinni eða við heimkomu óskað eftir aðstoð sinni við að ná til læknis. Stefnandi hafi einu sinni kvartað undan brjóstsviða, á brottfarardegi frá Stettin, og beðið um að fá magamjólk úr lyfjakistu skipsins. Við heimkomu skipsins hafi stefnandi skilað mixtúrunni, en þá hafi lítið verið tekið úr flöskunni. Stefnandi hafi staðið allar sjóvaktir á leiðinni og unnið um borð, eftir að skipið kom til Reykjavíkur.

Að mati skipstjórans hafi stefnandi verið vinnufær, þegar hann var afskráður í Reykjavík 23. september 1988. Það sýni líka yfirvinnuskýrslur. Sjóvökum hafi verið slitið kl. 20.15 fimmtudaginn 22. september 1988. Stefnandi hafi unnið sjö tíma á frívakt 22. september og þrjá tíma 23. september auk dagvinnu. Þetta sýni, að stefnandi hafi verið vinnufær, þegar hann var afskráður 23. september, enda hafi stefnandi þá ekkert tilkynnt um veikindi.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi verið lögskráður í 23 almanaksdaga, þ. e. 1.-23. september, sem samsvari 17 virkum lögskráningardögum, sbr. gr. 1.4.1. í kjarasamningi. Hefði stefnandi ekki verið að hætta, heldur fara í frí, þá hefðu 13,5 frídagar, sem gerðir séu upp við afskráningu, gefið honum rétt á að vera í launuðu fríi til hádegis 13. október 1988, sbr. gr. 8.2.2. og 8.2.3. í kjarasamningi. Þar sem stefnandi hafi ekki átt að fara aftur um borð, hafi hann ekki misst yfirvinnu. 36. gr. sjómannalaga kveði á um, að þeir, sem fullnægi skilyrði ákvæðisins, eigi ekki að missa neins í af launum. Ákvæði greinarinnar gefi ekki tilefni til þeirrar túlkunar stefnanda, að skipverjar skuli hagnast á veikindum sínum.

III.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að við speglun og skoðun hjá lækni 28. september 1988 hafi komið í ljós, að stefnandi var með sár á skeifugörn.

Læknar hafa staðfest, að einkenni þau, er stefnandi lýsti fyrir þeim, að hann hafi haft í ferð skipsins tveimur til þremur vikum fyrir heimkomu 23. september 1988, þ. e. verki fyrir bringspólum, hungurverkir, ógleði og uppköst, sýni, að sárið hafi verið að myndast á þessum tíma.

Stefnandi hefur lýst því fyrir dóminum, að hann hafi þrátt fyrir vanlíðan sína harkað af sér og staðið vaktir í brú og vonað, að verkirnir myndu dvína. Þeir hafi komið í bylgjum, og líðanin hafi verið skárri, er komið var til Reykjavíkur 22. september 1988.

Upplýst er, að stefnandi hafi unnið störf sín 23. september 1988, þar til hann var afskráður. Enda þótt talið verði, að hann hafi þá verið kominn með magasár það, sem staðfest var með skoðun fimm dögum síðar, 28. september, verður ekki talið, að hann hafi verið óvinnufær 23. september 1988. Stefnandi getur því ekki sótt stefnda til greiðslu launa skv. 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Nes hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Þórðarsonar, í máli þessu.

Hvor aðila beri sinn málskostnað.
